



Greinargerð Íslenska sjónvarpsfélagsins um frumvarp til laga um Ríkisútvarpið sf

Íslenska sjónvarpsfélagið hefur kynnt sér frumvarp um Ríkisútvarpið sf sem lagt verður fyrir Alþingi á 131. löggjafarþingi. Íslenska sjónvarpsfélagið vill benda á að laga- og rekstrarumhverfi fjölmiðla á Íslandi mun væntanlega breytast mikið á næstu mánuðum og nægir þar að benda á lagafrumvarp um Ríkisútvarpið, nýja skýrslu fjölmiðlanefndar og nýfallna úrskurði Samkeppisstofnunar. Almennt gerir Íslenska sjónvarpsfélagið athugasemd um að á sama tíma og stöðugt eru lagðar fleiri og þyngri skyldur á einkafjölmiðla er slakað á kröfum um Ríkisútvarpið og því gert betur kleift að keppa á markaði. Sérstakt gerir Íslenska sjónvarpsfélagið eftirtaldar athugasemdir við frumvarp um Ríkisútvarp.

Rekstrarform

Samkvæmt 1. grein frumvarpsins er fyrirhugað að breyta Ríkisútvarpinu í sameignarfélag í eigu ríkisins. Ekki er ljóst hvernig rekstrarform sameignafélags hentar þar sem fyrirséð er að ríkið verður eini eigandi félagsins. Ef nauðsynlegt þykir að breyta rekstarformi Ríkisútvarpsins er miklu eðlilegra að stíga skrefið alla leið og breyta félaginu í hlutafélag. Slík breyting myndi einnig jafna samkeppnisstöðu fyrirtækja í samkeppni sökum þess sameignarformið krefst ótakmarkaðrar ábyrgðar ríkissjóðs á skuldum og ábyrgðum Ríkisútvarpsins sf.

Hlutverk og skyldur

Tilgangur frumvarpsins er að skerpa á stöðu Ríkisútvarpsins sem útvarps í almannabágu. Í 3. grein er lögð fram í 18 tölusetum liðum skilgreining á hvað útvarpsþjónusta í almannabágu felur í sér. Íslenska sjónvarpsfélagið getur ekki betur séð en að öll möguleg starfsemi falli undi þessa 18 liði og frumvarpið afmarki þannig á engan hátt hlutverk útvarps í almannabágu. Íslenska sjónvarpsfélagið gerir sérstakar athugasemdir við lið númer 6 þar sem kveðið er á um að flutt sé “fjölbreytt skemmtiefni við hæfi fólks á öllum aldri”.

Efni á erlendu máli

Í 4. grein frumvarpsins er sérstaklega fjallað um þýðingar- og endursagnarskyldu á erlendu efni enda eitt af lykilhlutverkum Ríkisútvarpsins að stuðla að verndun og viðhaldi á íslenskri tungu. Útvarpsréttarnefnd hefur nýlega úrskurðað að samkvæmt útvarpslögum falli nákvæmlega sama skylda á herðar miðlum í eigu einkaaðila án þess að nokkur opinber fjárstyrkur komi til. Íslenska sjónvarpsfélagið óskar þess að gerður verði skýr greinarmunur á skyldum ríkisstyrktra fjölmiðla og einkarekinna fjölmiðla þegar kemur að íþyngjandi lagasetningu.

Tekjur – auglýsingar

Samkvæmt frumvarpinu er Ríkisútvarpinu ætlað að sækja tekjur á auglýsingamarkað. Íslenska sjónvarpsfélagið mótmælir að fyrirtækið starfi áfram í fullri samkeppni við einkaaðila þrátt fyrir að sett verði sérstakt gjald á alla skattskylda einstaklinga. Ekki verður séð hvernig svo “commercial” sjónvarpsrekstur samræmist hugmyndum um ríkisrekið sjónvarp í almannabágu.

Auglýsingaverðskrá


Ef svo fer að Ríkisútvarpinu verði heimiluð sala á kostunum og auglýsingum í dagskrá vill Íslenska sjónvarpsfélagið vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess að skýra betur ákvæði í 8. grein frumvarpsins þar sem fjallað er um hlutverk stjórnar. Í greininni segir að “Stjórn félagsins skal setja gjaldskrár fyrir auglýsingabirtingu og aðra skylda tekjustofna.” Af fenginni reynslu telur Íslenska sjónvarpfélagið nauðsynlegt að slík gjaldskrá verði opinber og engin heimild veitt til afsláttar eða magntilboða til auglýsenda.

Tekjur – sérstakt gjald á skattskylda einstaklinga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sérstakur skattur verði lagður skattskylda einstaklinga frá og með 1. janúar 2008 en þar til verði núverandi kerfi afnotagjalda haldið við. Íslenska sjónvarpsfélagið mótmælir þessu og bendir á nauðsyn þess að breyta gjalddökunni um leið og ný lög taka gildi. Ástæðan fyrir þessari afstöðu íslenska sjónvarpsfélagsins er sú að í raun er ekki hægt að tala um að nein sjónvarpsstöð einkaaðila á Íslandi séu frístöðvar á meðan ekki er hægt að horfa á þær nema greitt hafi verið afnotagjald til keppinautar sem hefur heimild til að innsigla viðtæki notenda ef greiðslur falla niður.

Reykjavík 28. apríl 2005

f.h. Íslenska sjónvarpsfélagsins


Magnús Ragnarsson
Framkvæmdastjóri